



FJÖRÐUR

	21.des	22.des	23.des	24.des	25/26.des	27.des	28.des	29.des	30.des	31.des	1.jan	2.jan
Verslanir	10-20	10-20	10-20	11-13	lokað	lokað	10-18	10-18	11-16	lokað	lokað	lokað
RIF	11:30-21	12-21	12-21	lokað	lokað	16-20	11:30-20	11:30-21	11:30-21	lokað	lokað	16-20
Pósturinn	9-18	9-18	10-14	9-12	lokað	9:30-17	9:30-17	9:30-16	lokað	lokað	lokað	9-18
Kökulist	8-20	8-20	8-21	9-14:30	lokað	8-18	8-18	8-18	8-18	9-15	lokað	8-18
Lyf & heilsa	9-18	9-18	lokað	lokað	lokað	10-18	9-18	9-18	lokað	lokað	lokað	10-18

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins **KGP.IS**

40. tölublað 34. árgangur. Fimmtudagur 21. desember 2023

Krambúðin Garðabæ Opið til kl. **23:30** alla daga
Krambúðin Búðarkór Opið til kl. **24:00** alla daga



**Nýjar íbúðir
komnar í sölu!**

Eskiás 3, Garðabæ



Bókið skoðun

898 6106

**KRAFTUR – TRAUST
– ÁRANGUR**



**TORG
fasteignasala**



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA

Garðatorgi 6. S. 568 2666

**MEIRAPRÓF
ALLIR RÉTTINDAFLOKKAR**

FJARKENNSLA



**MEIRAPRÓF Í FJARFUNDI
HEFST 11. JANÚAR**

VERKLEG KENNSLA

SKRÁNING HAFIN OG Á GAMLA VERÐINU
Í REYKJAVÍK, AKUREYRI,
OG Á SAUÐÁRKRÓKI

AKTÚ ÖKUSKÓLI
Skráning á aktu.is



Gleðilega hátíð

Garðapósturinn óskar Garðbæingum
gleðilegrar hátíðar og farsæls komandi árs



**KOMINNTÍMA
SKOÐUN?**

Verið velkominn
með bílinn í skoðun,
þið finnið næstu
skoðunarstöð á
frumherji.is



**HAFID
FISKVERSLUN**
- ferskur skiptur smelli -

Jólavörur Hafsins eru
komnar í verslanir okkar.
Hafid.is

YUZU HEFUR OPNAÐ Í
LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

MEIRA HOLLT

LEMON

HAGKAUP GARÐABÆ

**30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR**



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flúgger:** 30% afsláttur af allri innimálingu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum boróplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmíðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Bæjarbúar athugið!

Breyttur messutími á aðfangadag

Kæru Garðbæingar

Við þökkum fyrir samleiðina á þessu hausti. Nú nálgast jólin og þá viljum við koma á framfæri upplýsingum varðandi tímasetningar á helgihaldinu á aðfangadag. Við ætlum að færa hátíðarguðsþjónustuna í Vídalínskirkju til kl. 17:30 en hún hefur verið í tugi ára kl. 18:00.

Ástæðan er einföld, við viljum mæta barnafjölskyldunum sem þurfa að hafa matinn á góðum tíma þar sem eftirvæntingarfyll börn biða og svo líka eldra fólkinu sem vill vera í kirkjunni þegar klukkan slær 18:00 og jólin ganga í garð. Þá ætlum við líka að færa miðnæturguðsþjónustuna í Garðakirkju til kl. 23:00 en hún hefur verið kl. 23:30 undanfarin ár. Það gerum við til að fólk sé ekki alltof seint á ferðinni.



Við minnum á fésbókarsíðu Vídalínskirkju og heimasíðuna gardasokn.is til að kynna sér helgihaldið í Garðabænum yfir jól og áramót. Megi Guð blessa ykkur á helgri hátíð.

Starfsfólk Gardasóknar

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða



Ekki gleyma vinsælu gjafabréfunum okkar í jólapakkann!

Madonna
HÁRGREIÐSLUSTOFAN

Opíð alla virka daga frá 9-18 og laugardaga eftir samkomulagi

Garðaflöt 16-18 • Sími 565 6620



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfán
898 5765



Ólöf
898 3075



Kristín
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Tekjur Garðabæjar gætu hækkað um rúmlega 300 m.kr.

Samkomulag undirritað milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

Ríki og sveitarfélög undirrituðu í síðustu viku samkomulag um breytingu á fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Samkomulagið felur í sér að útsvarsprósenta sveitarfélaga hækkar um 0,23% með samsvarandi lækkun tekjuskattsprósentu ríkisins. Hækkunin nemur um sex milljörðum króna miðað við árið 2024. Í kjölfar samkomulags frá í desember 2022 fluttust 5,7 milljarðar króna frá ríki til sveitarfélaganna miðað við árið 2024 og er heildarhækkun því tæplega 12 milljarðar króna.

Frá því að yfirfærsla á þjónustu við fatlað fólk átti sér stað frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 hefur orðið mikil framþróun í málefnum fatlaðs fólks, ásamt því að gerðar hafa verið lagabreytingar um aukna þjónustu. Ríkið hefur komið til móts við sveitarfélögin með aukinni fjármögnun en sveitarfélögin hafa engu að síður staðið frammi fyrir útgjaldaaukningu í málaflöknum. Núverandi samkomulagi er ætlað að koma til móts við það. Hækkun útsvarsins mun renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og verða hluti af framlögum sjóðsins sem veitt eru til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks.

Tekjur munu aukast

Garðapósturinn spurði Almar hvaða áhrif þetta samkomulag muni hafa á fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2024? „Ég vil byrja á því að taka það fram að samkomulag ríkis og sveitarfélaga mun ekki leiða til breytinga á skattlagningu íbúa,” segir hann og heldur áfram: „Um er að ræða tilfærslu þar sem útsvar verður hækkað af þessari ástæðu en tekjuskattur einstaklinga lækkar á móti. Við erum ekki búin að meta til fulls áhrif á bæjarsjóð á næsta ári en það má búast við að tekjur Garðabæjar hækki um ríflega 300 m.kr. vegna þessa.”

Hallinn 3 milljarðar

Þú hefur rætt um að fjárframlögin til Garðabæjar vegna málefna fatlaðra hafi verið vanáætluð af ríkinu á undanföllum árum sem nemur um 3 milljörðum. Hefur þetta samkomulag einhver áhrif á það og verður þetta reiknað afturvirkir? „Samkomulagið er þannig sett upp að það er engin afturvirkni í því heldur tekur það til ársins 2024 og áfram. Það er hins vegar rétt að kostnaður Garðabæjar við þjónustu við fatlað fólk á árunum 2018-2022 var 3 milljarða króna umfram framlög ríkisins til þjónustunnar. Sú breyting sem hér er komin fram, og sambærileg breyting í fyrri, léttir á þessari stöðu en áfram þarf að ræða atriði sem standa útaf borðinu. Það varðar t.d. þjónustu við börn með fjölþættan vanda og aðila sem þurfa öryggisvistun. Þá er framundan mikil umræða um húsnæðismál, þar sem ljóst er að stefnumótun ríkisins um miklar umbætur hefur ekki verið mætt með tilsvarendi fjárframlögum,” segir Almar og bætir við að lokum: „Ég hefði gjarnan viljað að stærra skref yrði stigið að þessu sinni en það er þó mikilvægur áfangi að ná þessu samkomulagi.”

Próun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk

Þá kemur fram að aðilar samkomulagsins, Ríki og sveitarfélög, eru sammála um að gera þurfi breytingar á framkvæmd þjónustu við fatlað fólk til þess að tryggja sambærilega þjónustu milli sveitarfélaga og betri nýtingu fjármagns. Þá eru aðilar samkomulagsins sammála um að haldið verði áfram með kortlagningu, greiningu og gerð tillagna um stöðu og framtíð barna og ungmenna með fjölþættan vanda, einstaklinga 18 ára og eldri sem dæmdir hafa verið til að sæta öryggisgæslu eða öðrum öryggisráðstöfunum, og tillagna um stöðu og framtíð þjónustu við ungt fólk á hjúkrunarheimilum. Auk þess



Almar Guðmundsson

verður vinnu haldið áfram við stefnu og framkvæmdaáætlun til 7-10 ára um framtíðaruppbyggingu í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum.

Loks hafa aðilar samkomulagsins samþykkt að stofnaður verði sérstakur framtíðarhópur fulltrúa ríkis og sveitarfélaga sem vinna mun að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk. Ríki og sveitarfélög munu veita tímabundið framlag til þróunarkostnaðar í þjónustu við fatlað fólk.



Undir samkomulagið rituðu Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, fjármála- og efnahagsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga



JÓL OG ÁRAMÓT Í BESSASTAÐASÓKN 2023

24. des. kl. 17.00 Aðfangadagur - Aftansöngur Íris Björk Gunnarsdóttir syngur einsöng.

25. des. kl. 14.00 Jóladaður - Hátíðarguðsþjónusta.

31. des. kl. 17.00 Gamlársdagur - Aftansöngur Garðaprestakalls í Bessastaðakirkju.

1. jan. kl. 14.00 Hátíðarguðsþjónusta í Vídalínskirkju
Ræðumaður Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Allar athafnir eru í Bessastaðakirkju nema annað sé tekið fram. bessastadasokn.is [Bessastaðakirkja](https://www.facebook.com/bessastadasokn)

Betri

GARÐABÆR

RAFRÆNAR KOSNINGAR

HUGMYNDASÖFNUN

Betri Garðabær er lýðræðisverkefni þar sem íbúar hafa áhrif og koma með hugmyndir að smærri framkvæmdum í sínu nærumhverfi í Garðabæ.

Auðvelt er að senda inn hugmyndir rafrænt og öllum er velkomið að taka þátt í hugmyndasöfnuninni.

Á hugmyndavef geta íbúar einnig sett inn röksemdir um hugmyndirnar, rætt hugmyndir annarra og líkað við.

Taktu þátt í að gera bæinn okkar betri og sendu inn hugmyndir!

SJÁ NÁNAR Á

GARÐABAER.IS



GARÐABÆR

GOTT SAMFÉLAG
GARÐABAER.IS

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn næst 28. desember

Síðasti skiladagur þriðjudaginn 19. desember
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Garðabæ

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Jólahugleiðing. Benedikt Sigurðsson verkefnastjóri í Vídalínskirkju

Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig

Nú þegar aðventan er gengin í garð þá verður mér hugsað til jólaanna vestur á fjörðum þegar ég var að alast upp. Ég ólst upp í Bolungarvík og eru mínar jólaminnningar mér afar kærar.

Mamma hefur verið í kirkjukór Bolungarvíkur síðan hún var unglingur, eða í hartnær 55 ár. Ég ólst upp við að sækja messur árið um kring og fannst mér það, og finnst enn, alltaf svo notalegt. Ég beið alltaf eftir adventukvöldinu þegar allir stóðu upp í lokin og sungu „Heims um ból“. Þá fann maður fyrir hinum sanna jólaanda hríslast um líkama og sál. Þetta var alltaf mikilvæg stund í minni æsku. Það er mikil hefð fyrir adventukvöldinu í Bolungarvík og var kirkjan alltaf stútfull út úr dyrum. Þar sem mamma var alltaf að syngja á aðfangadagskvöld kl 18:00 með kórnum þá var mér og systur minni gert að aðstoða þessa við matseldina. Ég man að spenningurinn var orðinn svo mikill, og ég orðinn svo spenntur, að ég fór alltaf út í stofuglugga til að fylgjast með þegar bílarnir byrjuðu að streyma niður Hólsbrekkuna frá kirkjunni. Þá mátti fara að skerpa á sósunni og hræra svo allt yrði tilbúið þegar mamma kæmi heim. Á þessum árum snérist jólin að mestu um gjafir. Ég man ég skrifaði alltaf óskalista fyrir jólin sem voru íðulega tvær A4 síður sem voru þéttskrifaðar, og það báðum megin. Við borðuðum alltaf svínahamborgarhrygg alla mína æsku og hef ég haldið í þær hefðir síðan ég byrjaði sjálfur að búa.

Eftir að ég fór sjálfur að búa þá höfum við alltaf sest að borðum kl 18:00 og beið þrúðbúin við matarborðið og beið eftir að klukkurnar hringdu í útvarpinu og þulurinn segði „Útvarp Reykjavík, útvarp Reykjavík, gleðileg jól. Þá koma jólin í mínum huga. Svo er hlustað á messuna yfir veisluborðinu. Eftir því sem maður eldist meira þá fer maður að skynja hinn raunverulega jólaanda betur en maður gerði. Það er einhver heilagleiki og dulúð yfir jólnum sem erfitt er að útskýra. Þetta er raunveruleg tilfinning sem vonandi sem flestir finna fyrir. Ég hef verið svo lánsamur að hafa fengið að halda kærleiksrík jól alla mína tíð, bæði sem barn og einnig sem foreldri. Fyrir það er ég þakklátur. En það er því miður ekki svo að allir geti haldið gleðileg jól. Jólin eru



Nei, jólagjafalistinn minn í ár snýst ekki um flottustu og finustu þakka. Jólagjafalistinn minn snýst heldur um að sem flestir geti haldið kærleiksrík jól. Þetta er það sem ég bið algóðan Guð í sífellu um.

kvíðavænleg fyrir marga. Margir tengja jólin látnum ástvin, fjárhagsáhyggjum og alls kyns þáttum sem skyggja á gleði jólaanna. Við megum ekki gleyma þessu. Svo er fullt af fólki úti í heimi og hérlendis sem eiga hvergi höfði sínu að halla og einnig fullt af fólki sem býr við stríðsástand og ofbeldi. Jólin eru fólki einnig mjög erfið sem búa ein og eiga engan að. Einveran birtist svo sterkt á jólnum og getur níst inn að beini. Svo er nærtækt að horfa til Grindvíkinga á þessum tíma og geta jólin vafalaust verið mörgu því fólki kvíðavænleg. Við verðum að reyna að setja okkur í spor alls þessa fólks. Núna þegar aðventan er gengin í garð þá kemst maður ekki hjá því að sjá fréttir úti í hinum stóra heimi þar sem fólk heldur á l átnum börnum sínum eftir skotárásir og hryðjuverk. Maður sér angistina og sorgina í augum þessa fólks. Við verðum að átta okkur á því að þetta eru allt börn Guðs, börnin okkar. Það er þyngra en tárur taki að verða vitni að öllu þessu ofbeldi sem fólk er beitt. Það kremur í manni hjartað. Ég er löngu hættur að skrifa jólagjafalista og fyrir löngu farin að óska mér allt aðrar gjafir en þær sem ég gerði í minni æsku. Ég hugsa oft til tvöfalda kærleiksboðsins „Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig“. Það er bara hrein og klár staðreynd að við getum ekki lifað í samfélagi án þess að láta okkur annþ um náungann. Við erum náunginn. Það sem þú vilt að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.

Við höfum séð mjög greinilega síðustu misseri hvert skortur á kærleika hefur leitt okkur. Nei, jólagjafalistinn minn í ár snýst ekki um flottustu og finustu þakka. Jólagjafalistinn minn snýst heldur um að sem flestir geti haldið kærleiksrík jól. Þetta er það sem ég bið algóðan Guð í sífellu um. Ég vil í lokin biðla til allra sem þetta lesa að láta sér náungann sérstaklega varða á adventu og gefa öllum sem á vegi ykkar verða, og ykkur sjálfum, þannig gjafir. Að láta sér náungann varða. Fólk er að glíma við allskonar áföll og aðstæður og eitt bros getur gert kraftaverk. Getur dimmu í dagsljós breytt. Höldum í þá von sem Guð gaf okkur í vöggugjöf. Von um betri heim þar sem ofbeldi og ójöfnuður heyrir sögunni til. Breiðum út boðskap kærleika og friðar, hugsum hlýtt til náungans og munum það að það sem getur sigrað hið illa er einungis hið góða.

Hið góða mun alltaf sigra að lokum. Kærleikurinn. Verðum að trú á því.

Ég vona þess innilega að jólahátíðin verði ykkur öllum hamingjurík og algóður Guð umvefji ykkur örmum sínum með sínum kærleika og hlýju.

Gleðileg jól.

Benedikt Sigurðsson,
verkefnastjóri í Vídalínskirkju í Garðabæ

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

SKRÁNING HAFIN

Ballett frá 2ja ára - Jazzballett
Ballett-fitness - Silvursvanir 65+ ára
Mat-pílates og 20-30 ára advanced

NÝTT! Sér strákatímar

**BALLETTSKÓLI
EDDU SCHEVING**

Skipholt · Kópavogur · Grafarvogur

Vefsíða Garðapóstsins kgp.is

Fylgdu okkur á: [Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)
[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur) - [Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

— by lovisa —

Gleðileg jól

HÁTÍÐAROPNUN
FIMMTUDAGUR 21. DES 11 – 20
FÖSTUDAGUR 22. DES 11 – 21
ÞORLÁKSMESSA 23. DES 11 – 21
AÐFANGADAGUR 24. DES 11 – 13

Vinastræti 16, Garðabæ

bylovisa.is

Yfir 80 heimili í Garðabæ völdu fallegt jólatré í Smalaholti

Skógræktarfélag Garðabæjar var með sinn árlega jólaskóg í Smalaholti

Það er fátt jólalegra en að þræmma um fallegan skóginn í leit að hinu eina sanna jólatré, en þann 9. desember sl. hélt Skógræktarfélag Garðabæjar sinn árlega Jólaskóg í Smalaholti þar sem fjölskyldum í Garðabæ gafst tækifæri til þess að mæta, velja og höggva sitt eigið jólatré.

Og Garðbæingar létu ekki sitt eftir liggja því fleiri en 80 fjölskyldur mættu í Smalaholti til að velja hið eina sanna íslenska jólatré, en ferð í jólaskóginn er orðinn fastur liður í jólaundirbúningi margra fjölskyldna.

Stemningin var því góð í Smalaholti, en eftir að hið fullkomna jólatré var fundið þá var boðið upp á kakó og piparkökur í skógarrijóðri við hlýjan varðeld.

Skógræktarfélag Garðabæjar ræktar íslensk tré án eituruðunar sem hafa þann



kost umfram erlend tré að ekki fylgja með laumufarþegar erlendis frá sem geta skaðað íslenska flóru. Jólaskógurinn gegnir einnig hlutverki við grisjun skógarins en félagið gróðursetur mörg hundruð tré í stað þeirra sem felld eru. Þannig er lagður grunnur að jólaskógi framtíðarinnar.



SCHENKER

flutningsmiðlun



Okkar bestu jóla- og nýárskveðjur


Þökkum samstarfið á árinu og óskum öllum velfarnaðar á nýju ári

DB SCHENKER á Íslandi

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!

RB
RÚM



heklaíslandi



Hágæða Florence bómullarhandklæði
og náttloppar frá CLARYSSE bath & kitchen



Falleg handmáluð jólakerti frá FLATYS

Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á Instagram

Opð mánudaga til fimmtudaga 8:00-18:00 · föstudaga 8:00-17:00 · laugardaga 10:00-16:00 · sunnudaga lokað



Ó, helga nótt – Garðbæskur jólasálmur

Einn hugljúfasti og jólalegasti sálmur okkar Íslendinga er án efa Ó, helga nótt sem margur tónlistarmaðurinn hefur útsett á snilldarlegan hátt á jólum og aðventu. Það er hins vegar ekki á margra vitorði að íslenska útgáfan af sálminum er frá Garðabæ.

Engan skyldi þó undra, því snemma í sálminum kemur skírskotun í Stjörnuna heiðríku.

Ó, helga nótt, þín stjarna blikar blíða.

Að öllu gamni slepptu er forsagan þessi. Um 1960 mátti Garðahreppur fagna nýju upphafi. Kvenfélagskonur höfðu hafði endurreisn Garðakirkju, Garðasókn hafði verið stofnuð að nýju og þéttbýli var að myndast við Silfurtún og Flatir. Ungt fólk hóf landnám í hreppnum og lagði grunnstoðir að samfélaginu. Einn af þessum landnemum var Sigurður Björnsson, verkfræðingur, sem síðar var bæjarverkfræðingur í Kópavogi. Sigurður var virkur í félagsmálum í Garðabæ, gekk í Rótarýklúbbinn Gørðum og tók mikilvirkan þátt í störfum Skógræktarfélags Garðabæjar, svo dæmi séu tekin.

Hann var mikill áhugamaður um söng og var á meðal stofnenda Garðakórsins árið 1965. Kórinn stofnaði áhugafólk um söng og tónlist í Garðahreppi en ári síðar var Garðakirkja endurvígð og séra Bragi Friðriksson kjörinn sóknarprestur. Presturinn og kórfélagarnir lögðu mikinn metnað í kirkjusönginn og tónlistina – t.a.m. æfði kórinn stíft, tók æfingarnar upp á segulband sem kórfélagar hlustuðu síðan á og fóru yfir hvað mætti betur fara.



Ó, helga nótt var frumflutt í Garðakirkju á aðfangadagskvöld 1967. Myndina tók Hjalmtýr Guðmundsson.

Sigurður þótti góður og fágaður söngmaður með djúpa bassaródd. Honum var margt til lista lagt og meðal annars þýddi hann fjölda sönglaga og sálma. Margir þeirra eru sungnir víða í kirkjum landsins en einn þeirra er frægastur og það er jólasálmurinn Ó, helga nótt við lag franska tónskáldsins Adolphe Adam. Sálmurinn fjallar um söguna sem jólaguðspjallið segir okkur; fæðingu frelsarans Jesú Krists á heilagri jólanótt.

Ó, helga nótt var frumflutt á Íslandi við aftansöng jóla í Garðakirkju á aðfangadagskvöld árið 1967. Sá flutningur er til á hljóðupptöku sem gott og ljúft er að hlusta á. Við þessa sömu messu sagði séra Bragi í prédikunarstól: „Hið heilaga jólaguðspjall geymir óteljandi margar og fagrar myndir sem sífellt er unun að hugleiða, þá einkum á þessari helgu nótt.“ Síðar bætti hann við:



Sigurður Björnsson (1929-2014) samdi textann Ó, helga nótt við lag eftir Adolpe Adam. Sigurður var á meðal stofnfélaga Garðakórsins árið 1965



Hrannar Bragi Eyjólfsson

„Ég hugsa um, hversu sérstakt og dýrmætt þetta kvöld er flestum. Það er sú nótt, sem kallar menn heim í faðm fjölskyldu og ástvina. Þetta kvöld bregður upp mynd bernskujólanna í huga okkar hinna eldri, þegar við nutum blessunar hjá þeim, sem á undan eru farin af þessum heimi. Við kveikjum ljós á leiðum þeirra og þökkum það allt, er þau voru okkur með elsku sinni og umhyggju. Samtímis viljum við búa börnum okkar og niðjum sömu blessun, svo að einnig megi hjá þeim minning vaka um heilög jól í heimaranni. Þetta eina kvöld, jólanóttin, hefur vissulega verið íslenski þjóð heilög um aldir.

Það er sem hið heilaga jólaguðspjall helgi öll þau bönd, sem tengja ættingja og ástvini og valda því að við þráum að vera í þeim hópi, heima á jólum.“

Þessi litla frásögn er snar og skemmtilegur þáttur í sögu jóla í Garðabæ. Þetta framlag Sigurðar Björnssonar til jólahelgihalds Íslendinga er eitthvað sem Garðbæingar geta verið stoltir af og yljáð sér við á heilagri jólanótt.

Ó, helga nótt Garðbæskur jólasálmur

Ó helga nótt, þín stjarna blikar blíða, þá barnið Jesús fæddist hér á jörð. Í dauða myrkrum daprar þjóðir stríða, uns Drottinn birtist sinni barna hjörð. Nú glæstar vonir gleðja hrjáar þjóðir því Guðlegt ljós af háum himni skín. Föllum á kné, nú fagna himins englar, Frá barnsins jötu blessun streymir, blítt og hljótt til þín. Ó helga nótt, ó heilaga nótt.

Vort trúar ljós, það veginn okkur vísi, hjá vöggum Hans við stöndum hræð og klökk

Og kyrrlát stjarna kvöldsins öllum lýsi, er koma vilja hér í bæn og þökk. Nú konungurinn Kristur Drottinn fæddist hann kallar oss í bróður bæn til sín. Föllum á kné, nú fagna himins englar, hjá lágum stalli lífsins kyndill, ljóma, fagurt skín. Ó helga nótt, Ó heilaga nótt.

Gleðileg jól kærur Garðbæingar með von um að kyrrlát stjarna kvöldsins öllum lýsi á þessari helgu nótt í faðmi fjölskyldu og ástvina.

Hrannar Bragi Eyjólfsson


Jólaakveðja

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar sendir bæjarbúum öllum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.

Við þökkum frábæra þátttöku í viðburðum félagsins á árinu og hlökkum til að hitta ykkur á nýju ári.

Gleðilega hátíð!

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar



Það þarf fólk
eins og *þig*
fyrir fólk
eins og *mig!*

Garðbæingurinn okkar 2023

„Garðbæingurinn okkar“ verður útnefndur í fyrsta sinn þann 12. janúar 2024, í Sveinatungu á Garðatorgi klukkan 14.

Hver hlýtur nafnbótina?

Öll getum við haft áhrif til góðs á nærumhverfi okkar. Með því að útnefna „Garðbæinginn okkar“ erum við að þakka fyrir það sem vel er gert, þakka einstaklingi fyrir sitt framlag, þeim sem eru til fyrirmyndar á einhvern hátt og minna okkur á að við getum öll haft áhrif.

Til greina koma Garðbæingar sem hér búa en einnig það fólk sem starfar eða dvelur í bænum okkar til lengri og skemmri tíma og hefur jákvæð áhrif bæjarbraginn. Gott fólk finnum við út og suður í bænum okkar, fólk í framlínunni sem hefur jákvæð áhrif á nærumhverfi sitt og gerir daginn okkar betri.

Dómnefnd velur „Garðbæinginn okkar 2023“ úr innsendum tillögum og mun viðkomandi sem hlýtur nafnbótina fá árskort í sundlaugar Garðabæjar, árskort í Hönnunarsafn Íslands og þriggja daga gjafakort í Bláfjöll.



GARÐABÆR

GOTT SAMFÉLAG
GARDABAER.IS

Síðasti starfsdagur Daniels í Smiðjunni



Fyrr í desember var var síðasti starfsdagur Daniels R. Ragnarssonar leiðbeinanda í Smiðjunni, sem er smiðja fyrir eldri borgara í félagsheimili Víðalínskirkju.

Daniel hefur leiðbeint við smiðar s.í 25 ár og mjög margir notið leiðsagnar hans í gegnum árin. Af þessu tilefni var haldið

Daniel fékk kveðjugjöf frá Garðabæ í kaffisamsætinu sem var haldið honum til heiðurs eftir 25 ára starf

kaffisamsæti honum til heiðurs þar sem núverandi og fyrrverandi nemendur mættu, gæddu sér á kaffiveitingum og rifjuðu upp gamla daga, en margir munu sakna Daniels.



Verður Sjálandi veitingahúsi breytt í líkamsræktarstöð og sjóböð?

Samkvæmt heimildum Garðapóstins hafa athafna- og líkamsræktarhjónin, Björn Leifsson og Hafdís Jónsdóttir rætt við eigendur húsnæðisins, sem hýsti áður Sjáland veitingahús, um hugsanleg kaup á húsnæðinu, en þau hafa metnaðarfullar hugmyndir um að breyta húsnæðinu og koma þar fyrir glæsilegri líkamsræktarstöð með spa aðstöðu og reisa einstök sjóböð við Arnarnesvoginn.

Þá ku hjónin hafa viðrað þessa hugmynd við bæjaryfirvöld í Garðabæ sem þurfa að koma að málum enda þarf m.a. að fara í einhverjar skipulagsbreytingar ef breyta á húsnæðinu og sjóböð eigi að fá að rísa við voginn.

Reisa líkamræktarstöð og baðlón á Fitjum

Það er annars nóg um að vera hjá Birni og Hafdísí því september var rætt við Björn um hugmyndir þeirra hjóna að reisa hótél, baðlón og líkamsrækt undir merkjum World Class á Fitjum í Njarðvík, en Björn áætlað að þær framkvæmdir munu kosta tíu til tólf milljarða króna og að reksturinn ætti að geta hafist fyrir sumaríð 2026.

Opna þau líkamsrækt og sjóböð í heimabænum

Þessa má geta að Hafdís Jónsdóttir ólst upp í Garðabæ og þau hjón búa á Arnarnesi í dag, en þau munu þó ekki hafa útsýn yfir fyrirhuguð sjóböð í Arnarnesvogi ef af framkvæmdum verður.



Útsýni er einstakt við Arnarnesvoginn

Til stóð árið 2018 að World Class mundi reisa um 1.500-1.700 fermetra líkamsræktaraðstöðu í húsnæði við norðvestur-enda íþróttahússins við íþróttamiðstöðina Ásgarð. Ekkert varð þó úr þeim áformum eftir að samkeppnisaðili World Class

kærði ákvörðun bæjaryfirvalda um að ganga til samninga við World Class um opnun líkamsræktarstöðvar í Ásgarði, en tilboð samkeppnisaðilans var dæmt ógilt, sem hann var ósáttur með enda taldi hann sig hafa boðið betur."



VIÐREISN

Viðreisn í Garðabæ óskar Garðbæingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!

Viðreisn í Garðabæ

Helgihald í Garðabæ um jól og áramót



Bryndís Guðjónsdóttir



Porkell H. Sigfússon



Jóhannes Porleiksson



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Aðfangadagur

Aftansöngur í Vídalínskirkju kl. 17:30

Sr. Matthildur Bjarnadóttir þjónar fyrir altari. Bryndís Guðjónsdóttir sópran syngur einsöng. Blásarahópur leikur fyrir athöfn. Kór Vídalínskirkju syngur. Organisti er Jóhann Baldvinsson.

Miðnætturguðsþjónusta í Garðakirkju kl. 23:00

Benedikt Sigurðsson guðfræðinemi leiðir stundina og flytur hugvekju. Félagar úr Gospelkór Jóns Vídalíns syngja við undirleik Davíðs Sigurgeirssonar.

ATH! BREYTTUR
MESSUTÍMI
Á AÐFANGADAG

Jóladagur

Hátíðarmessa í Vídalínskirkju kl. 14:00

Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir predikar og þjónar fyrir altari. Porkell H. Sigfússon tenór syngur einsöng. Kór Vídalínskirkju syngur undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar organista.

Hátíðarguðsþjónusta í Ísafold kl. 15:30

Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir flytur hugvekju og leiðir stundina. Kór Vídalínskirkju syngur undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar organista.

Gamlársdagur

Sameiginlegur aftansöngur Garðaprestakalls í Bessastaðakirkju kl. 17:00

Sr. Bjarni Karlsson predikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Jónu Hrönn Bolladóttur. Álftaneskórinn syngur við undirleik Ástvalds Traustasonar organista.

Nýársdagur

Sameiginleg hátíðarmessa Garðaprestakalls í Vídalínskirkju kl. 14:00

Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir þjónar fyrir altari. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson flytur ávarp. Kór Vídalínskirkju syngur. Jóhannes Porleiksson leikur á trompet og organisti er Jóhann Baldvinsson.

Hátíðarguðsþjónusta í Ísafold kl. 15:30

Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir flytur hugvekju og leiðir stundina. Kór Vídalínskirkju syngur undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar organista.



gardasokn.is

Lesum um jólin

Þegar ég hugsa um jólin sé ég alltaf fyrir mér fjölskyldustund þar sem við borðum piparkökur, drekkum heitt kakó og lesum góða bók undir lampa langt fram á nótt. Þessi mynd sem ég dreg hér upp litast fyrst og fremst af stundum sem ég man úr barnæsku minni, þar sem afþreyingarefni var ekki eins alltumlykjandi og það er í dag, en mun síður af því hvernig ég hef varið jólnum á fullorðinsárum. Því jólin mín undanfarin ár hafa, satt best að segja, frekar einkennst af hraða en ró. Ég hef ekki gefið mér tíma fyrir notalega stund með nýrri skáldsögu, hvað þá þegar börnin eru vakandi.



Þorbjörg Þorvaldsdóttir

Bakgrunnur minn er í málvísindum, kennslufræði og mannréttindabaráttu. Það kemur fólki því líklega ekki á óvart að niðurstöður PISA-könnunarinnar liggja þungt á mér nú í aðdraganda jóla. Það sem stóð upp úr í niðurstöðum könnunarinnar var minnkandi lesskilningur, sem er alvarlegt mál og mikið rætt í fjölmiðlum, en það sem mér fannst beinlínis hræðilegt að sjá var skortur á samkennd meðal unglunga. Ég get ekki annað en sett þessa tvo þætti í samhengi.

Þegar við lesum skáldsögur aukum við sannarlega orðaforða okkar og lesskilning. Það er mikilvægt að ýta undir lestur til að auka lesskilning barna og orðaforða, sem byggist upp á grundvelli málskilnings sem þarf að vera til staðar (og er efni í annan pistil). En lestur örvar líka ímyndunarafl okkar og víkkar sjóndeildarhringinn, því með lestri skáldsagna fáum við tækifæri til þess að upplifa heima og veruleika sem við kæmumst annars aldrei í tæri við. Við hittum fyrir fólk sem við fengjum annars

aldrei að kynna, gleðjumst með þeim og finnum til með þeim.

Það er engin tilviljun að samkennd íslenskra ungmenna mælist lág á sama tíma og lesskilningur fer dvinandi. Rannsóknir sýna nefnilega að lestur eykur samkennd.

Þegar ég hugsa um það hvernig ég hef varið jólnum síðastliðin ár er ég hrædd um að ég sé að einhverju leyti hluti vandamálsins sem íslenskt samfélag er að kljást við og sem birtist í niðurstöðum PISA-könnunarinnar. Ég hef í það minnsta einsett mér að vera börnunum mínum betri lestrarfyrirmynd. Í heimi þar sem áreitni er nánast stanslaust er dýrmætt að skilja símann eftir í öðru herbergi og setjast í sófann með góða bók og heitt kakó.

Framundan er frábært tækifæri til nákvæmlega þess: Lesum bækur um jólin.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir.

Höfundur er bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans.

Ævintýralegur Eplamorgun

Fjölskyldur hjálpast að við að þræða lúin epli á snæri á Vífilstöðum

Fimmtudaginn 7. desember sl. var árlegur Eplamorgun í Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilstöðum.

Sú hefð hefur skapast í skólanum að á Eplamorgni er foreldrum boðið með börnunum í skólann þar sem fjölskyldur hjálpast að við að þræða lúin epli á snæri sem svo eru hengd á tré í skóginum við skólann. Eplin eru gott fóður fyrir fuglana þegar harðnar í ári og frostið lætur á sér kræla. Foreldrafélagið bauð upp á heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur sem var gott að gæða sér á þennan kalda en fallega morgun.

Foreldrum var einnig boðið á söngfund í salnum þar sem Hildur Guðný lék á píanó og fjölskyldur sungu saman nokkur lög sem þau hafa verið að æfa undanfarið. Allir morgnar í Barnaskólanum byrja á söng og var upplagt að lofa foreldrum að taka þátt.



Í skóginum var varðeldur sem hægt var að orna sér við þegar eplin voru fest upp í tré.

Falleg samvera í aðdraganda jóla með það markmið að hlúa að þeim sem minna mega sín í kuldanum.



Happy socks áskrift er fullkomin í jólapakkann, sokkapar í hverjum mánuði!

Dú finnur gjöfina fyrir fjölskylduna í einu versluninni sem sérhæfir sig í sokkum fyrir alla.

Sokkabúðin Cobra er með vörur frá:
Happy Socks II Falke II Wolford II Bleuforêt
Kikk Reykjavík II Burlington II Esprit

Sjáumst á Garðatorg eða kíktu inn á cobra.is og kláraðu jólagafirnar

sokkabúðin
cobra

Garðatorgi 4 || cobra.is

Jólaandinn svífur yfir Garðatorgi í desember

- Fjölbreytt úrval af verslun, þjónustu og matsölustöðum
- Opið alla daga fram að jólum
- Ýmsar uppákomur og viðburðir í desember

Gerum jólainnkaupin í
heimabyggð



● VERIÐ VELKOMINN Á GARÐATORG Í GARÐABÆ ●

apríl
SKÓR

FLATEY

maí


MATHÚS
GARÐABÆJAR
Ísland 2016

NN
STUDIO
noname.is

TE & KAFFI



cobra



HÖNNUNARSAFN
MUSEUM OF DESIGN
AND APPLIED ART
ÍSLANDS

Blondie
hársnyrtistofa

glæraugna
pétur

ILSE JACOBSEN
HORNÆK
RUB & RAIN WEBSHOP ICELAND



BAUM
UND
PFERDGARTEN

SNYRTISTOFAN
Garðatorgi

YOGAVITUND

LYFJA
- Lífið heil

Domino's

EFNALAUG
GARÐABÆJAR

BÓKASAFN
GARÐABÆJAR



Rakarastofa Garðabæjar

Cleó
Garðatorgi



Þrjú jólatré komu úr görðum bæjarbúa

Áhaldahús Garðabæjar setti upp 15 jólatré víðsvegar um bæinn fyrir jólahátíðina

Eins og bæjarbúar hafa tekið eftir þá eru fallega lýst jólatré á mörgum stöðum í Garðabæ fyrir jólahátíðina, en starfsmenn áhaldahúss Garðabæjar eiga allan heiðurinn af því.

Í byrjun nóvember ár hvert auglýsir Garðabær eftir jólatrjám úr görðum bæjarbúa og ef einhver vill losa grisja úr garðinum sínum hefur viðkomandi samband við starfsmenn áhaldahúsið sem mæta þá á svæðið, meta tréð og fjarlægja að kostnaðarlausu ef það er nógu falllegt.

„Við settum upp 15 tré fyrir þessi jól víðsvegar um bæinn og af þeim voru þrjú úr görðum íbúa. Garðatorgstréð var úr Engimýri 1, mjög falllegt. Arnarnestréð var úr Asparlundi 3 og tré sem er við Akrabrautina er úr Skógarhæð 2. Önnur tré komu svo úr Smalaholti sem Skógræktarfélag Garðabæjar sér um,“ segir Sigurður Haf-



Jólatréð á Arnarnesi kom úr garði í Asparlundi

liðason, forstöðumaður áhaldahúss Garðabæjar, en áhaldahúsið fékk margar ábendingar þetta árið. „Við fengum margar vísbendingar frá íbúum, en því miður voru nokkur tré sem ekki voru í þeim

gæðaflokki sem við viljum til að setja á opnu svæðin okkar.“

Jólatréð á Garðatorgi kom úr garði í Engimýri



Jólatréð á Akrabraut kom úr garði í Skógarhæð



Fóru með Askasleiki og sóttu stærsta jólatréð í skóginum

Það er búið að vera nóg um að vera á leikskólanum Sjálandi í desember og þá má með sönnu segja að jólastemningin hafi verið alls ráðandi. „Já, það má segja það en föstudaginn 1. des komu jólasveinar í heimsókn, skemmtu okkur og gáfu öllum börnunum mandarínu. Við höfum kveikt á kerti á adventkransinum á hverjum mánudegi. Börnin á Rauða- og Fjólublákjarna fóru með Askasleiki góðvini okkar að sækja jólatré í Heiðmörk og völdu stærsta tréð í skóginum þann 5. desember sl. Leikritið Náttrollið Yrsa flutt fyrir okkur í salnum 7. desember og daginn eftir fóru elstu börnin og settu skraut á jólatréð við Ísafold og sungu jólalög. Við höldum svo jólaball sl. fimmtudag þar sem allir voru í sparifötunum og dönsuðu í kringum jólatréð með kennurum sínum. Í dag höfum við svo verið að skreytta piparkökur,“ sagði Anna Rannveig Aradóttir, leikskólastjóri á leikskólanum þegar Garðapósturinn heyrði í henni sl. föstudag og það lá við að ilmurinn af piparkökunum bærist í gegnum símann.



Fasteignamarkaðurinn kynnir í forsölu Raðhús á Álftanesi / Garðabær – Sveit í borg

FORSALA



Raðhús

180 m²

6 herbergi

Verð frá 98.000.000

Glæsilega hönnuð 180 fermetra raðhús á tveimur hæðum á eftirsóttum og grónum stað á Álftanesi.

Húsin, sem eru 180,0 fermetrar að stærð, eru með 5 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum og inngörðum sem veita fallega birtu inn í alrými húsanna.

Húsin afhendast fullfrágengin að utan með frágenginni lóð og rúmlega fokheld að innan. Þó er hægt að semja um að fá húsin afhent tilbúin undir innréttingar eða fullfrágengin að innan.

Verð frá 98,0 milljónum króna – Afhending er fyrirhuguð í mars-maí 2024

Nánari upplýsingar varðandi verð og skilalýsingu veitir Óskar Már Alfreðsson, lögg. fasteignasali, í síma 615-8200 / 570-4500 eða á netfanginu oskar@fastmark.is



Framúrskarandi fyrirtæki 2023



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Öðinsgötu 4 • 101 Reykjavík • Sími 570 4500
www.fastmark.is • fastmark@fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Gleðilega hátið

Ungmennafélag Álftaness
óskar Garðbæingum nær og
fjær gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.

Þökkum stuðning og velvild
á árinu sem er að líða.



Baldur Rafn hefur loksins fundið hina fullkomnu herravöru

Sænska herramerkið Beard Monkey slær í gegn

Eftir margra ára leit að hinum fullkomnu herravörum hefur Garðabæingurinn Baldur Rafn Gylfason, eigandi Bpro heildverslunar í Smiðsbúð, loksins fundið þær einu réttu. „Sænska herramerkið Beard Monkey framleiðir hágæða vörur fyrir skegg, hár, andlit og líkama og eru vörurnar strax búnar að slá í gegn hér á landi meðal skeggjaðra sem og skegglausra.“ segir Baldur en það er m.a. hægt að fá Beard Monkey á Blondie, Garðatorgi 4.



Baldur segir vörurnar frá Beard Monkey henta breiðum hópi viðskiptavina bæði með skegg og án

Saga merkisins

Beard Monkey var stofnað árið 2015 af vinunum Alexander og Markus sem fannst vanta hágæða skeggvörur á markað. Þeir vildu búa til vörur sem ekki bara virka vel heldur eru líka skemmtilegar í notkun. Þeir þróuðu vörurnar í nánu samstarfi við rakara- og hárgreiðslumeistarar til að tryggja gæði og virkni og að þörfum markaðarins væri mætt. Einnig settu þeir mikið þúður í að rannsaka og prófa mismunandi innihaldsefni þar til þeir fundu hina fullkomnu blöndu fyrir vörurnar sínar.

Vöruúrvalið

Þó að upprunalega kveikjan að Beard Monkey hafi verið skeggvörur hefur fyrirtækið lagt mikið upp úr nýsköpun til að mæta þörfum viðskiptavina sinna og hefur vöruúrvalið aukist jafnt og þétt frá árinu 2015. Auk skeggvaranna er nú einnig boðið upp á raksturs-, húð- og hárvörur og eru ilmirnir ekki af verri endanum en þeir eru meðal annars Oud & Saffron,



Nýju herra ilmavötnin Multon og Sublevo eru innblásin af Amazon frumskóginum.

Licorice og Minty & Raspberry. Einnig er Beard Monkey með fjögur herra ilmavötn en nýjustu tveir ilmirnir voru kynntir til leiks á dögunum – Multon og Sublevo.

Samkvæmt Baldri henta vörurnar frá Beard Monkey breiðum hópi viðskiptavina



Sweet Tobacco skeggolían mýkir og verndar bæði skegg og húð og er með mjúkum ilmi af sætu tóbaki

– bæði með skegg og án – og mælir hann með að fólk kiki á næsta sólustað til að skoða vöruúrvalið og þefa af þessum frábæru vörum.

Beard Monkey fæst meðal annars á Blondie, Garðatorgi



Beard Monkey er með fjöldan allan af fallegum gjafaöskjum sem eru fullkomnar í jólapakkann

Rík lestrarhefð

Rithöfundar hafa komið í heimsókn og lesið fyrir nemendum í Hofstaðaskóla



Á aðventunni hafa nokkrir rithöfundar komið í heimsókn í Hofstaðaskóla og lesið fyrir nemendum.

Áslaug Jónsdóttir heimsótti 1. og 2. bekk og las upp úr bókunum um skrímslin og nýju bókinni sinni Allt annar handleggur. Sævar Helgi Bragason stundum kallaður Stjörnu-Sævar las fyrir 3. og 6. bekk upp úr bókunum Úps! Mistök sem breyttu heiminum og Hamfarir. Bjarni Fritzson las fyrir 4. og 5. bekkina upp úr nýjustu

bókinni um Orra óstöðvandi - Jólin eru að koma.

Kristín á bókasafninu hefur einnig verið að bjóða nemendum í sögustundir á safninu og kynnt fyrir þeim jólabækurnar. Rík lestrarhefð er í skólanum og markvisst er unnið að því að efla lestraráhugahvöt nemenda og heimsóknir rithöfunda er ein leið til þess. Vonandi verða nemendur duglegir að lesa í jólafríinu sér til gagns og gamans.



Garðabæjarlistinn óskar öllum íbúum Garðabæjar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

 Garðabæjarlistinn



**Gleðileg jól og farsælt komandi ár
Þökkum viðskiptin á árinu**

Starfsfólk Lind fasteignasölu

Lind fasteignasala • Bæjarlind 4 • 201 Kópavogur • 510 7900 • fastlind.is



Skipulagt starf fór í frí og uppbrotisdagar tóku við á Bæjarbóli

Í desember var hátíðleg stemning á Bæjarbóli. Skipulagt starf fór í frí og uppbrotisdagar tóku við.

Lögð var áhersla á að draga úr þeirri spennu sem jólamánuðurinn getur valdið með rólegum tónum, fallegum ljósum, góðri jólalykt og huggulegum samverustundum. Allar deildar hafa verið uppteknar við að skoða allt sem tengist jóluum, æfa jólalög, lesa jólabækur og fönndra alls kyns listaverk svo sem jólatré úr íspinnaspýtum, jólasveina úr ull, skemmtilega snjókarla og fallegar aðventukrúkkur fyrir kerti.

Á aðventunni læra börnin á Bæjarbóli meðal annars ljóðið Aðventa, eitt erindi í hverri viku sem er sungið í sameiginlegri aðventusöngstund á föstudögum fram til jóla, um leið og kveikt er á kertum á aðventukransinum okkar. Einn föstudaginn var rauður dagur og annan föstudag var jólaþeysudagur sem vekur alltaf mikla lukku hjá bæði börnum og starfsfólki. Jólstemningin nær svo hámarki rétt fyrir jól, en þá verður jólaflæði þar sem má leika um allan leikskólann og svo jólabíó seinnipartinn.

Við fengum til okkar skemmtilegar leik-sýningar á aðventunni, fyrst var það Skjóða sem kíkti í heimsókn, í boði foreldrafélagsins. Í lokin á sýningunni sungu leikararnir með krökkunum ýmis jólalög. Síðan kom Tröllskessan Yrsa til eldri barnanna í leikskólanum, sagan fjallaði um tröllastelpu sem átti engan til að eyða



jóluum með, en svo kynnist hún litlum þresti sem verður vinur hennar.

Jólaball var haldið hátíðlega með tilheyrandi skreytingum, ljósum og söng. Jólasveinarnir kíktu í heimsókn með gjafir fyrir börnin og skemmtilega töfra sýningu og svo fengu allir hátíðarmat og eftirrétt.



Dagurinn endaði svo með aðventukaffi þar sem aðstandendum var boðið að njóta jólastundar með börnunum sínum, skreyta piparkökur, líta jólamyndir og skoða öll jóla listaverkin eftir börnin.

Sigrún Stefania Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri og staðgengill leikskólastjóra á bæjarbóli.



Piparkökumálun og jólasöngfundur á Ásum

Það var haldinn fjögur jólasöngfundur á leikskólanum Ásum sl. föstudag og að sjálfsgöðu tóku börnin vel undir, en jólasöngfundurinn var loka hnikkurinn á

tónlistarnámskeiðinu hjá Hildi og Betu. Fyrir í mánuðinum stóð foreldrafélagið fyrir piparkökumálum sem var mjög vel sótt og skemmtilegt.



Gleðilega hátíð

&

takk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

ILVA Garðabæ - ILVA Akureyri - ILVA Selfoss

MIENNING Í GARÐABÆ

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

MINJAGARÐURINN Á
HÖFSSTÖÐUM

AFTUR TIL HÖFSSTAÐA

TÓNLISTARNÆRING

JAZZÞORPIÐ Í GARÐABÆ

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

RÖKKVAN

ÓSKUM GARÐABÆINGUM
OG ÖÐRUM GESTUM
GLEÐILEGRA JÓLA

Þökkum samveru á fjölbreyttum menningarviðburðum á árinu
2023 og hlökkum til að njóta með ykkur á nýju menningarári.



Hér má sjá þær íþróttakonur í Garðabæ sem eru tilnefndar og skarað hafa framúr árið 2023

Hulda Clara Gestsdóttir kyllingur



Hulda Clara hefur verið fremsti kyllingur Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG) undanfarin ár og jafnframt landsliðskyllingur og Íslandsmeistari í högg-leik kvenna 2021. Hún sigraði á tveimur mótum á stigamótaröð GSÍ, í Mosóbikarnum og Hvaleyrarbikarnum. Varð í 2. sæti í Íslandsmóttinu í högg-leik kvenna og í 2. sæti í Íslandsmóttinu í holukeppni kvenna. Hún er fastaleikmaður í háskóla-liði sínu hjá Denver State University í Bandaríkjunum. Náði best 5. sæti og varð tvisvar meðal 10 efstu í sterkum háskólamótum á árinu. Hulda Klara lék með kvennalandsliði Íslands á Evrópamóti landsliða.

Hulda Clara hefur sýnt mikinn metnað og dugnað sem hefur skilað henni í allra fremstu röð kvenkyllinga á Íslandi. Kostir hennar eru margir, þó sérstak-

lega hvað hún er skipulögð og vinnur jafnt og þétt í átt að settu marki. Árangur hennar sýnir að þarna er um alvöru framtíðarkyfling að ræða sem hefur fulla burði til að ná efstu stigum atvinnumennsku á „LPGA“ mótaröðinni.

Irma Gunnarsdóttir frjálsíþróttakona



Irma Gunnarsdóttir frjálsíþróttakona hjá FH hefur fyrir löngu fest sig í sessi í A-landsliði Íslands. Hennar sérgreinar eru í láréttu stökkunum langstökki og þristökki. Hún setti tvö Íslandsmet á árinu í þristökki, 13,36 m innanhúss og 13,40 m utanhúss. Hún hefur nú tekið bæði metin í þristökki kvenna sem staðið höfðu óhöggvað í um 25 ár. Irma er auk þess orðin besti langstökkvari kvenna á Íslandi. Stökk hennar, 6,36 m í langstökki innanhúss og 6,40 m utanhúss, er næstbesti árangur íslenskra kvenna í langstökki frá upphafi. Irma hefur unnið sér fast sæti í A-landsliði FRÍ og keppti á Evrópukeppni landsliða í frjálsum sem fram fór í Silesia í Póllandi 20. júní í sumar.

Lucie Martinsdóttir kraftlyftingakona



Lucie Martinsdóttir keppir fyrir Stjórnuna í klassískum kraftlyftingum í -76 kg flokki. Hún keppti á Íslandsmóti í klassískum kraftlyftingum í mars, komin sjö mánuði á leið með sitt þriðja barn, en varð stigahæsta konan á móttinu. Lucie keppti svo á EM í klassískum kraftlyftingum í byrjun desember þar sem hún lenti í 6. sæti í sínum flokki og var hársbreidd frá því að komast á verðlaunapall.

Lucie keppti á sínu fyrsta alþjóðamóti árið 2022 á HM í S-Afríku þar sem hún setti Evrópumet og fékk brons í hnébeygju. Lucie er hógvær og dagfarsprúð og ástundar kraftlyftingarnar með miklum aga og vinnusemi. Hún hefur gríðarlegt keppnisskap og baráttuvilja. Óhætt er að segja að Lucie hafi vakið

mikla athygli fyrir árangur sinn og er mörgum fyrirmynd, ekki síst hvernig hún hefur æft samhliða meðgöngu og haldið sér á sama tíma í fremstu röð. Lucie vinnur við styrktarþjálfun fólks á öllum getustigum. Óhætt er að segja að hún sé til fyrirmyndar fyrir íþróttina og deildina. Lucie setur markið hátt og ætlar alla leið. Það verður gaman að fylgjast með afrekum hennar á næstu misserum.

Herdís Björg Jóhannsdóttir hestaíþróttakona



Herdís Björg Jóhannsdóttir í Hestamannafélaginu Spretti var í U-21 landsliðshópi LH (Landssambands hestamannafélaga) árið 2023, hún keppti fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Hollandi í ágúst sl.

Herdís er 17 ára gömul og er því í unglingsaflokki en keppti upp fyrir sig í ungmennaflokki á móttinu, skemmst er frá því að segja að hún og hestur hennar Kvarði frá Pulu urðu heimsmeistarar í Tölt T1 í ungmennaflokki. Herdís Björg er yngsti knapi sem hefur orðið heimsmeistari í tölti á HM íslenska hestsins.

Ísold Sævarsdóttir frjálsíþrótt- og körfuboltakona



Ísold Sævarsdóttir var fyrirliði meistara-flokks kvenna hjá Stjórnunni sem vann 1. deildina í körfubolta í vor ásamt því að vinna fjölmarga titla í yngri flokkunum. Ísold var valin varnarmaður ársins í 1. deild kvenna. Einnig lék hún stórt hlutverk í góðum árangri U16 ára landsliði stúlkna sem náði besta árangri kvennaliðs í langan tíma á EM í Svartfjallalandi í sumar. Ísold hefur byrjað tímabilið frábærlega í Subway deildinni og toppaði svo árið með því að spila sína fyrstu A-landsleiki í körfubolta þar sem hún var í stóru hlutverki í leikjum á móti Tyrklandi og Rúmeníu.

Ísold er einnig mjög fjölhæf frjálsíþróttakona þar sem hún keppir með FH. Hún náði þeim frábæra árangri að vinna gull á NM U18 í sjöþraut síðastliðið sumar þó

hún sé aðeins 16 ára. Ísold er meðal bestu kvenna á afrekskrá FRÍ fullorðinna í mörgum greinum. Hér er talinn upp árangur hennar í frjálsum og staða á afrekslista FRÍ 2023; 400 m (1. sæti) 56,51 sek innanhúss og 57,46 sek utanhúss, í 400 m grindahlaupi (2. sæti) á 61,07 sek, fimmtarþraut innanhúss (1. sæti) með 3786 stig og í sjöþraut utanhúss (1. sæti) með 5277 stig.

Taktu þátt í vali á íþróttakonu

Fimm konur og fimm karlar hafa verið tilnefnd af íþrótt- og tómsunda Almenningi gefst kostur á að hafa áhrif á kjörið með því að taka þátt í vefkosningu. Vefkosningin verður aðgengileg

ÍTG mun síðan velja milli þeirra sem tilnefndir eru og

Tilkynnt verður um val á íþróttakonu og íþróttakarli Garðabæjar á íþróttahátíð

Þau sem tilnefnd eru

Herdís Björg Jóhannsdóttir hestaíþróttakona, Hulda Clara Gestsdóttir kyllingur, Ísold Sævarsdóttir frjálsíþrótt- og körfuboltakona, Lucie Martinsdóttir kraftlyftingakona, Eggert Aron Guðmundsson knattspyrnumaður, Friðbjörn Bragi Hjartmannsson

Ungmennafélagið Garðabær og íþróttakarli Garðabæjar

garðabær.is frá og með 22. desember til 2. janúar 2024



GARÐABÆR

Hér má sjá þá íþróttamenn í Garðabæ sem eru tilnefndir og skorað hafa framúr árið 2023

Aron Snær Júlíusson kylfingur



Atvinnukylfingurinn Aron Snær Júlíusson í GKG hefur verið meðal allra fremstu kylfinga landsins í mörg ár sem landsliðsmaður og seinustu tvö ár sem atvinnumaður.

Hann náði þeim glæsilega árangri að verða Íslandsmeistari karla í holukeppni í sumar. Hann varð Íslandsmeistari í högguleik 2021. Hann keppti í Nordic League mótaröðinni og einnig hér heima. Aron Snær er í PGA námi samhliða keppnisþátttöku og þjálfar yngri flokka hjá GKG þar sem hann nær mjög vel til barnanna.

Aron Snær er frábær fyrirmynd annarra hvað varðar reglu- og vinnusemi og jákvætt hugarfar. Hann hefur sýnt mikla þrautseigju þegar blásið hefur á móti.

Dúi Þór Jónsson körfuboltamaður



Dúi Þór Jónsson leikur með meistara-flokki Álfþaness í körfubolta og spilaði upp alla yngri flokka með Stjörnunni með góðum árangri. Á síðasta tímabili var Dúi einn af lykilmönnum liðsins í að tryggja Álfþanasi titil í fyrstu deild og að koma liðinu upp í Subway deildina í fyrsta sinn í sögu þess. Dúi hefur vakið mikla eftirtekt fyrir snarpa spilamennsku og færni en í fyrstu deild skoraði hann 18,4 stig og 8,2 stoðsendingar að meðaltali í leik. Þá var hann valinn besti leikmaður deildarinnar fyrir þetta framlag sitt. Í Subway deildinni hefur lið Álfþaness byrjað afar vel og Dúi verið áfram í lykilhlutverki í að skila liðinu sigrum. Liðið hefur einungis tapað einum heimaleik fyrir áramót og nýlega tryggði liðið sér í fyrsta sinn sæti í 8 liða úrslitum VÍS bikarsins. Fyrir utan góða spilamennsku er Dúi Þór afar vinsæll meðal stuðningsmanna Álfþaness og góð fyrirmynd fyrir unga körfuboltaðkendur.

Eggert Aron Guðmundsson knattspyrnumaður



Eggert Aron Guðmundsson hefur á stuttum tíma fest sig í sessi sem lykilleikmaður Stjörunnar þrátt fyrir ungan aldur og er búinn að spila 75 meistara-flokkssleiki fyrir Stjörnunna.

Eggert var lykilleikmaður í U19 ára landsliði Íslands í lokamóti U19 ára sem haldið var á Möltu í sumar. Hann hefur spilað þrettán leiki fyrir U19 ára landslið Íslands.

Einnig hefur Eggert spilað fjóra leiki fyrir U21 árs landslið Íslands. Eftir að hafa átt mjög gott tímabil 2023 var Eggert Aron valinn efnilegasti leikmaður mótsins af leikmönnum deildarinnar. Það verður gaman að fylgjast með þessum efnilega leikmanni okkar í framtíðinni.

Friðbjörn Bragi Hlynsson kraftlyftingamaður



Friðbjörn Bragi Hlynsson æfir klassískar kraftlyftingar hjá lyftingadeild Stjörunnar. Friðbjörn keppir í -83kg flokki karla og hefur síðastliðin ár verið með stigahæstu keppendum í greininni. Friðbjörn kláraði keppnisárið 2023 með Íslandsmet í hnébeygju, réttstöðulyftu og samanlögðu og er bikarmeistari í klassískum kraftlyftingum hjá Kraftlyftingasambandi Íslands.

Friðbjörn tók þátt fyrir Íslands hönd á tveimur mótum á árinu, Vestur-Evrópmótinu og Evrópumeistaramótinu. Hann gerði gott mót á báðum stöðum, vann sinn flokk á Vestur-Evrópmótinu og tók 11. sætið í mjög sterkum flokki á Evrópumeistaramótinu. Friðbjörn er fjölskyldumaður, menntaður íþróttaræðingur og kennir íþróttir á grunnskólastigi. Hann er deildinni og íþróttinni til mikils sóma og er það samröma álit allra sem kynnast honum að þarna er drengur góður á ferð.

Ungmennafélagið Garðabær og íþróttakarli Garðabæjar

þar á milli Garðabæjar (ÍTG) til íþróttakonu og íþróttakarls Garðabæjar 2023. Þessi kepping er haldin í samvinnu sem stendur yfir frá 22. desember 2023 til og með 2. janúar 2024. Þú getur fundið meira um keppinguna á vef Garðabæjar, garðabær.is.

Þú getur fylgjast við niðurstöðu vefkosningarinnar við það val.

Keppingin fer fram í Garðabæjar sem fer fram sunnudaginn 7. janúar 2024 í Miðgarði kl. 13:00.

Keppingarmenn fyrir árið 2023 eru;

Írmasdóttir kylfingur, Irma Gunnarsdóttir frjálsíþróttakona, Lyngdóttir íþróttakona, Aron Snær Júlíusson kylfingur, Dúi Þór Jónsson körfuboltamaður, Friðbjörn Hlynsson kraftlyftingamaður og Starri Friðriksson handboltamaður.

Starri Friðriksson handboltamaður



Starri Friðriksson byrjaði snemma að æfa handknattleik eða um 8 ára aldur.

Allan sinn feril hefur hann leikið með Stjörnunni og er lykilleikmaður bæði í vörn og sókn.

Það sem einkennir hann sem íþróttamann er dugnaður og vilji og viðhorf hans til íþróttarinnar.

Starri er klárlega einn af betri hornamönnum á Íslandi í dag og samkvæmt tölfraði deildarinnar er hann með að meðaltali 7 mörk í hverjum leik og skotnýting hans er 80.8 % sem er framúrskarandi.

Félag kvenna í Kópavogi bauð konum úr Kvenfélagi Garðabæjar á jólafund

Mættu með hnallþóru, jólatré, smákökur, marengs, brauðrétti, pekanböku, osta, súkkulaðitertur og gamla góða perutertan var á sínum stað!



Hildur Sigurðardóttir prestur í Digranes- og Hjallakirkju sagði frá jólonum í sveitinni heima á Skinnastað í Norður- Þingeyjarsýslu og flutti jólahugleiðingu

Félag kvenna í Kópavogi hélt glæsilegan jólafund á dögunum. Gestir á fundinum voru konur frá Kvenfélagi Garðabæjar.

Félagskonur létu ekki sitt eftir liggja og mættu með hverja hnallþórana á fætur annarri, jólatré, smákökur, marengs, brauðrétti, pekanböku, osta, súkkulaðitertur og gamla góða perutertan var líka á sínum stað.

Hildur Sigurðardóttir prestur í Digranes- og Hjallakirkju sagði frá jólonum í sveitinni heima á Skinnastað í Norður- Þingeyjarsýslu og flutti jólahugleiðingu. Kristín Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri Tónlist-

arskóla Kópavogs ásamt flautusveit spilaði hugljúfa jólatóna og Nanna Rögnvaldardóttir matgæðingur kom og las upp úr bók sinni VALSKAN. Bókin er ekki matreiðslubók heldur segir hún frá lífi formóður hennar sem fædd var 1762 og er saga um harða lífsbaráttu, lausnir, þrautsegu og ástir.

Þá bauð Una María Óskarsdóttir, formaður Félags kvenna í Kópavogi fundarkonur að lúta höfði og minnst Stefaniú Maríu Pétursdóttir fyrrverandi forseta KÍ, en hún var félagskona í KFF.

Mikil gleði og ánægja var með jólafundinn og voru konur sérlega ánægðar með

hvernig tekist hefði að halda þessu unga félagi á lífi þrátt fyrir erfið ár meðan heimsfaraldur reið yfir.

Á fundinum voru helstu ráðakonur Kvenfélagsambands Íslands bæði fyrr og nú. Dagmar Elín Sigurðardóttir forseti KÍ, Sigurlaug Viborg fyrrverandi forseti KÍ, Una María Óskarsdóttir fyrrverandi forseti KÍ og nýr formaður Félags kvenna í Kópavogi. Jenný Jóakimsdóttir starfsmaður KÍ. Einnig fyrsti formaður FKK Bryndís Friðgeirsdóttir og Halldóra Björk Jónsdóttir formaður Kvenfélags Garðabæjar ásamt fríðu föruneysi.

Það má geta þess að serviettur jólafundarins voru til styrktar Kvenfélagið Grindavíkur.



Sendum öllum FEBG félögum og öðrum bæjarbúum innilegar hátíðarkveðjur með ósk um að nýja árið verði farsælt.

Félag eldri borgara í Garðabæ

Félag Eldri Borgara Garðabæ
FEBG



ANNA MARÍA



BERTHA



BOGGA



EVA



FÍA



GYLFI



HILDUR



INGUNN



ÍRIS



LUKKA



MÁR



MAYA



BALDUR



SIGRÚN



VARGUR



Starfsfólk Bpro óskar viðskiptavinum um allt land gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári og þakkar fyrir góðar stundir á árinu sem er að líða.

bpro

BPRO HEILDVERSLUN - SMÍÐSBÚÐ 2 - 210 GARÐABÆ - SÍMI: 552-5252 - WWW.BPRO.IS

BEARD MONKEY - CIRÉPIL - COMFORT ZONE - DAVINES - FUDGE - HH SIMONSEN - JRL - LABEL.M - MARC INBANE - POPMASK - SKIN REGIMEN

„Eitthvað fyrir alla“

Ballettskóli Eddu Scheving býður upp á kennslu á þremur stöðum

Ballettskóli Eddu Scheving býður upp á kennslu á þremur stöðum, í Kópavogi, í Grafarvogi og í Skipholti.

Vorönn hefst 13. janúar, skoða má allar upplýsingar á síðu skólans <https://bsch.is/> Ballettskóli Eddu Scheving er að fara inn í 63. starfsár sitt en skólinn var stofnaður árið 1961.

Ballettskóli Eddu Scheving sérhæfir sig í kennslu í klassískum ballett fyrir alla aldurshópa frá 2ja ára aldri en býður einnig upp á jazzballett og söngleikjadans fyrir forskóla og jazz/modern fyrir eldri nemendur. Ballett-fitness eru tímar fyrir fulloröna og svo eru Silfur-svanir sem er frábært prógramm fyrir 65 ára og eldri. Einnig býður skólinn upp á mat-pilates tíma.

Nýjungin hjá skólanum í ár er að bjóða upp á sér strákatíma fyrir aldurinn 3-9 ára.

Við spurðum skólustjóran, Brynju Scheving af hverju að bjóða upp á sér strákatíma? „Ég hef hugsað þetta lengi en læt nú verða af því að bjóða upp á þetta. Fyrir rúmum 20 árum eða svo vorum við beðnar um að sjá um ballettkennslu í leikskóla. Við byrjuðum eins við vorum vanar að skipta í hópa eftir árgöngum en við höfðum aldrei verið með eins marga stráka í sama hóp. Oftast eru kannski 1-2 strákar í hóp að meðaltali. En orkan sem fylgdi svona fjölmennum hóp var svo mikil og drengirnir þurftu bara meiri útrás og meira fjör. Svo við skiptum upp hópnum í sér stelpu- og sér strákahópa. Allir nutu sín betur, stelpurnar blómstruðu í rólegra umhverfi og strákarnir fengu meira prógramm við sitt hæfi þar sem þeir

þurftu að hreyfa sig meira, hoppa eins og superman eða leika dreka og rúlla eins og boltar sem dæmi.“ segir hún og bætir við: „Tækni- og undirstöðuæfingar eru að sjálfsgöðu þær sömu hjá báðum hópnum og síðan voru æfingar sem hentuðu betur hvoru kyni um sig. Þannig fengu allir meira út úr tímanum. Ég held líka að þetta verði til þess að auka áhugann hjá fleiri strákum, þar sem þeim býðst að koma í sér strákatíma því einhverjum finnst kannski erfitt að koma og vera eini strákurinn í sínum hóp en svo hentar það auðvitað öðrum og að sjálfsgöðu má áfram skrá sig í blandaða hópa.“

Við bjóðum einnig boðið upp á jazzballett/söngleikjadans og jazz/modern tíma fyrir alla.

Ballett fyrir fulloröna er skemmtilegt prógramm sem við höfum boðið upp á lengi og svo eru Silfursvanirnir eru frábærir tímar fyrir aldurinn 65 ára og eldri. Þar bjóðum við upp á mjúka og léttu tíma sem einkennast þó mest af tignarlegum hreyfingum, glæsileika og fallegri tónlist. Pilates tímarnir er frábært kerfi til að styrkja miðju líkamans. Tímarnir byggjast á styrktar- og jafnvægisæfingum og djúpvöðvabjálfun. Svo það er eitthvað fyrir alla.“ segir Brynja að lokum.



Hvað er annað svona helst í boði hjá ykkur á komandi skólaári? „Við erum með margt í boði eins og tímar frá 2ja ára og upp úr. Það er einstaklega gaman að kenna þessum yngstu en jafnframt afar krefjandi. En svo er svo gaman að sjá árangurinn og hvað þessir ungu nemendur ná að gera og herma eftir okkur. Þau öðlast styrk og öryggi, þjálfu jafnvægi og finnhreyfingar um leið og þau fá að njóta sín í alls konar leikjum og dönsum. Svo eykst þjálfun með hverjum stigi fyrir sig.“



Myndirnar sem fylgja eru teknar á nemendasýningu skólans í Borgar-leikhúsinu þar sem allir nemendur frá 3. ára aldri láta ljós sitt skína.



GARÐABÆR



Garðabær óskar bæjarbúum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Garri



**Við óskum ykkur gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.**

**Jólakveðja,
starfsfólk Garra.**

Fagmennska í 50 ár



Sendum Garðbæingum og viðskiptavinum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsældar á komandi ári



FAGVAL



URRIÐAHOLT



ÁRVAKUR



Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Hera og Benni sungu inn jólin í Jónshúsi

Húsfyllir og mikil jólastemning var í Jónshúsi í síðustu viku þegar Hera, Benni og Einar stigu á svið á jólatónleikum. Þau sungu mörg falleg jólalög sem yljðu og má segja að jólin hafi beinlínis verið sungin inn.

Eins og er von og vísa í Jónshúsi þá var boðið upp á kaffi og kókur að hætti hússins sem gestir gæddu sér á.

Sungu inn jólin! F.v. Einar, Benni og Hera fluttu mörg falleg jólaleg í Jónshúsi í síðustu viku




SKRÁNING HAFIN

Ballett frá 2ja ára - Jazzballett
Ballett-fitness - Silvursvanir 65+ ára
Mat-pilates og 20-30 ára advanced

NÝTT! Sér strákatímar

**BALLETTSKÓLI
EDDU SCHEVING**

Skipholt · Kópavogur · Grafarvogur

**Vefmiðill Garðapóstins kgp.is
Facebook.com/Gardaposturinn.is · Twitter.com/Gardapostur
Instagram.com/Gardaposturinn**

Sundlaugarnar Garðabæ



Opnunartími yfir jól og áramót

Ásgarður og Álftanes

23. des. (Þorláksmessa)	08:00(09:00) – 18:00
24. des. (aðfangadagur)	08:00(09:00) – 11:30
25. des. (jóladaur)	Lokað
26. des. (annar í jólum)	Lokað
27., 28., 29. og 30. des.	Venjuleg opnun
31. des. (gamlársdagur)	08:00(09:00) – 11:30
1. jan. (nýársdagur)	Lokað
2. jan.	Venjuleg opnun

Aðgangur að íþróttasölum til æfinga er samkvæmt æfingatöflum innan þessara opnunartíma.

Mýrin og Sjáland

Lokað 23., 24., 25., 26., 31. des og 1. janúar.

Miðgarður

Lokað 25., 26. des og 1. janúar.

Opið 10:00-12:00 aðfangadag og gamlársdag.

Karamellugljáður hamborgarhryggur á aðfangadagskvöld

Jón Örn Stefánsson matreiðslumeistari í Kjötkompaní gefur góð ráð fyrir jólahátíðina

Fyrir ári síðan gaf Jón Örn Stefánsson, matreiðslumeistari og eigandi Kjötkompaní út veglega bók er hann nefnir Hátíðarveisla, en þar er að finna um 45 uppskriftir og eldunarleiðbeiningar af forréttum, aðalréttum og eftirréttum.

„Það er okkar metnaður að framleiða hágæða vörur úr besta fánlega hráefni á hverjum tíma. Með þessari bók þá langar okkur að reyna að hjálpa til við að þið náðið sem allra bestum árangri við eldamennskuna heima. Í Kjötkompaní starfar hópur frábærra starfsmanna og fagmanna sem hafa áratuga reynslu á bakinu og erum við því líkt stolt af okkar frábæra hóp. Við óskum ykkur gleðilegrar hátíðar og hlökkum til að veita ykkur okkar allra bestu þjónustu áfram,“ segir Jón Örn, en meðfylgjandi er uppskrift og eldunarleiðbeiningar fyrir vinsælasta jólamatinn á aðfangadagskvöld, hamborgarhrygginn að sjálfsögðu með rauðvínssósu og Waldorfsalati. Í eftirrétt býður Jón Örn upp á hvítsúkkulaði skyr mús með íslenskum bláberjum.

KARAMELLUGLJÁÐUR HAMBORGARHRYGGUR

Stíllíð ofninn á 180°C. Setjið hrygginn í ofnskúffu með vatni sem nær upp á miðjan hrygg. Komið kjarnhitamæli fyrir í hryggnum og eldið þar til hitinn mælist 60°C ca í kjarna. Tekur ca. 60 mín. Geymið soðið. Setjið karamellugljáa yfir hrygginn og eldið áfram þar til hitinn mælist 72°C í kjarna.

KARAMELLUGLJÁI

1 bolli sykurl
1/2 bolli vatn



1/4 bolli rjómi
2 msk rauðvín

Sykur og vatn hitað saman á pönnu. Látid sjóða þar til sykurinn er orðinn ljósbrúnn á lit. Þá er rjóma og rauðvíni bætt saman við.

RAUÐVÍNSSÓSA

150 gr. smjör
1/2 tsk. pipar
1 1/2 ltr. soð af hamborgarhryggnum
1 bolli rauðvín
1 bolli rjómi

Kjötkraftur

2 tsk. púðursykur
Smjörbolla - ca. 110 gr. hveiti og 75 gr. smjör.

Soðið af hryggnum er sett í pott. Rjóma, rauðvíni og kryddi bætt saman við. Þykkið með smjörbollu.

WALDORFSALAT

4 stk græn epli
1 stk. selleristöngull
30 gr. majones
50 gr. sýrður rjómi
2 1/2 dl. rjómi
25 stk. ca. af rauðum vínberjum
2 msk. nýkrestur appelsínusafi
2 msk. flórsykur

Majones og sýrdum rjóma er hrært saman. Rjóminn er þeyttur og blandað varlega saman við ásamt vínberjum, niðurskornum eplum og sellerí. Þetta er síðan



bragðbætt með flórsykri og appelsínusafa.

Hvítsúkkulaði skyr mús með íslenskum bláberjum

Fyrir átta

500 ml rjómi
125 gr sykurl
6 blöð matarlím
500 gr skyr
175 gr eggjarauður
75 gr smjör
700 gr hvítt súkkulaði
200 gr aðalbláber

Hvítt súkkulaði brætt rólega yfir vatnsbaði og á meðan er rjómi létt þeyttur. Eggjarauður og sykurl stíffþeytt. Matarlím sett í kalt vatn og síðan leyst upp í volgu smjöri.

Bræddu súkkulaði er blandað við eggjablönduna, skyri bætt við og því næst

Jón Örn Stefánsson matreiðslumeistari í Kjötkompaní



smjöri og matarlími. Rjómanum er blandað varlega saman við skyrblönduna. Að lokum er frosnum aðalbláberjum blandað varlega saman við með sleif. Setjið í form eða skammtið í lítil glös og látið standa í kæli í ca 12 klst áður en borið er fram.

Verði ykkur að góðu og njótið vel. Gleðilega hátíð. Jón Örn Stefánsson

MIÐFLOKKURINN

SENDIR GARÐBÆINGUM
HUGHEILAR ÓSKIR UM
GLEÐILEG JÓL OG
FARSÆLD Á NÝJU ÁRI



*Yndislegu nágrannar,
gleðileg jól!*



Árskort í golf

Árgjald veitir ótakmarkað spil á tveimur golfvöllum GKG

Úrval námskeiða fyrir byrjendur og lengra komna

Golf allt árið (Íþróttamiðstöðinni og Kórnum)

2 skipti frítt í golfherma (2 x hálf tími)

15 vinavellir

Mikil hjóna- og fjölskyldustemning

Öflugt barna- og unglingastarf

www.gkg.is

Sala hafin á rað- og parhúsum í Víðiholti



Mikil uppbygging á sér stað á Álftanesi um þessar mundir og nú er sala hafin á raðhúsum og parhúsum Víðiholti, sem er staðsett í hjarta Álftanes og örstutt í alla þjónustu eins og leikskóla, skóla íþróttastarf.

„Hverfið einkennist af gróðri og grænum svæðum sem verða aðgengileg með góðum og öruggum göngutengingum að nálægum leiksvæðum fyrir fjölbreytta úti-veru og notkun. Norðan við íbúðarbyggðina er grænt svæði sem myndar græna umgjörð frá hesthúsabyggð með mön sem aðskilur svæðin,“ segir Óskar Már Alfreðsson, fasteignasali á Fasteignamarkaðinum sem sér um sölu á húsunum.



Borðastofan og stofa

Við hönnun götu er hugað að aðgerðum til að draga úr ökuhraða, auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda ásamt því að gera umhverfið vistlegt með gróðri auk þess sem ofanvatn verður leitt um svæðið með blágrænum ofanvatnslausnum.

Víðiholt er staðsett miðsvæðis á Álftanesi og stutt í alla þjónustu



Aðkoma að svæðinu er frá Breiðumýri. Svæðið er vel tengt stígakerfi Garðabæjar og hentar því vel fyrir þá sem vilja koma gangandi eða hjólandi.

Áhersla er á að byggðin myndi skjólgóð og falleg græn svæði til almennra nota.

- Glæsilega hönnuð 5 herbergja raðhús/parhús.
- 180fm á tveimur hæðum.
- Inngarðar sem veita fallega birtu inn í alrými hússins.
- Fullfrágengin lóð.
- Afhendast fullkláruð að utan og rúmlega foheld að innan.
- Möguleiki á að fá húsin fullkláruð eða tilbúin til innréttinga.

Skrautleg piparkökuhús



Nemendur í 6. GHS í Hofsstaðaskóla áttu gæða jólastund saman í desember. Þá bjuggu þeir til piparkökuhús og fengu að skreyta að vild. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum þá gekk allt eins og í sögu og urðu til hin skrautlegustu pipar-



kökuhús. Sumir vilja einfaldleika en aðrir ganga lengra og skreyta djarft með skemmtilegum litum. Húsin gleðja og geta veitt þeim innblástur sem hyggjast skella sér í húsagerð.



NÝTUM ORKUNA TIL AÐ FLOKKA

Umbúðagámar fyrir pappa- og plastumbúðir hjá Orkunni 25. - 29. desember.

- ♻️ Gylfaflöt, Reykjavík
- ♻️ Kleppsvegi, Reykjavík
- ♻️ Austurströnd, Seltjarnarnesi
- ♻️ Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði
- ♻️ Skagabraut, Akranesi





Kæru Garðbæingar

*styrkið okkur til góðra verka
og verslið falleg jólatré af
okkur á Garðatorgi*

OPNUNARTÍMAR

Mánud - Föstud 15-21

Laugard - Sunnud 11-21



Bjóðum upp á
heimkeyrslu á
höfuðborgarsvæðinu





AS WE GROW

AF VIRÐINGU FYRIR VERÖLDinni

KLAPPARSTÍG 29 | ASWEGROW.IS

Gluggagægir festist í glugganum og Ketkrókur stal hangikjöti

Það var boðið upp á adventukaffi í heilsuleikskólanum Urriðabóli í byrjun desember og að sjálfögðu mættu foreldrar leikskólarnanna, en fyrr í þeirri viku voru börnin búin að baka piparkökur og fönðra jólasbraut á jólatré skólans. Á sjálfu adventukaffinu var síðan foreldrum boðið upp á piparkökurnar, kakó og kaffi. Í lokin fóru börnin með foreldrum sínum og tóku jólasbraut með og hengdu það á jólatréð.



Í lok síðustu viku var síðan boðið upp á jólamat og jólaball haldið. „Við skiptum barnahópnum upp í tvennt og keyrðum tvö jólaböll svo allir fengu að njóta sín. Tveir jólasveinar komu í heimsókn til okkar en það voru þeir Gluggagægir og Ketkrókur. Ketkrókur náði að fara inn í eldhúsið og stela smá hangikjöti á meðan

gluggagægir festist í glugga leikskólans. Börnunum fannst jólasveinarnir mjög skemmtilegir og hlóu mikið af þeim. Jólasveinarnir komu ekki tómhentir heldur fengu öll börn djús og jólasveinahúfu frá þeim sem sló heldur betur í gegn. Eftir

jólaballið var jólamaturinn, en boðið var upp á hangikjöt, kartöflur og uppstúf sem börnin borðuðu vel af. Æðislegur dagur í alla staði hjá okkur á leikskólanum Urriðabóli,” segir Elsa María Gunnarsdóttir aðstoðarleikskólalastjóri heilsuleikskólans Urriðabóls.



Opnunartími um jólin

Föstudagur, 15. desember frá	kl. 6:00 – 16:00
Mánudagur, 18. desember frá	kl. 6:00 – 16:00
Þriðjudagur, 19. desember frá	kl. 6:00 – 17:00
Miðvikudagur, 20. desember frá	kl. 6:00 – 17:00
Fimmtudagur, 21. desember frá	kl. 6:00 – 18:00
Föstudagur, 22. desember frá	kl. 6:00 – 18:00
Laugardagur, Þorláksmessa frá	kl. 10:00 – 14:00
Sunnudagur, 24. desember	LOKAÐ
Miðvikudagur, 27. desember frá	kl. 6:00 – 16:00
Fimmtudagur, 28. desember frá	kl. 6:00 – 18:00
Föstudagur, 29. desember frá	kl. 6:00 – 18:00
Laugardagur 30. desember	kl. 10:00 – 14:00
Sunnudagur, 31. desember	LOKAÐ

Líklega eitt best geymda leyndarmál Kópavogs



Gæði á góðu verði

GERÐU JÓLIN BETRI



KJÖTHÚSIÐ
Kjötvinnsla

Smiðjuvegi 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833 - kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is

ÍSLANDS
HÓTEL



FOSSHOTEL



17 HÓTEL UM ALLT LAND GJAFABRÉF ÍSLANDSHÓTELA



GEFÐU GJÖF
SEM GLEÐUR
– Verð frá 21.900 kr. –

- Gisting með morgunverði
- Gisting með morgun- og kvöldverði
- Sérniðin gjafabréf

Hentar einnig vel í
fyrirtækjagjafir

ÍSLANDSHÓTEL

[ISLANDSHOTEL.IS/GJAFABREF](https://islandshotel.is/gjafabref)



Sendum Garðbæingum og viðskiptavinum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári




Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Jólalegt í Sjálandsskóla

Nemendur og starfsfólk Sjálandsskóla hafa verið önnur kafnir við að skreyta skólann sinn í desember. Á jólafundur-daginn skreyttu nemendur heimasvæðin sín, bjuggu til jólaskraut og gerðu jólagjafir handa foreldrum. Hjá kennurum var haldin keppni um fallegustu jólahurðina á vinnuherbergjum og var mikill metnaður lagður í hurðaskreytingarnar.

Í desember syngja nemendur jólalög í morgunsöng í sal skólans og þar er nú hið myndarlegasta jólatré sem nemendur skreyttu með jólaskrauti sem þau bjuggu sjálf til.

Starfsfólk Sjálandsskóla óskar öllum nemendum Garðabæjar og fjölskyldum þeirra gleðilegrar hátíðar.



LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Opnunartími yfir jól og áramót


- 23.-26. desember lokað
- 27. desember opið 10-18
- 28. desember opið 8-18
- 29. desember opið 8-18
- 30. des- 1. jan. lokað
- 2. janúar opið.

Hröð og vönduð þjónusta. Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.








OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | Sími 565 6680



Gledilega Shatio



BPRO fékk Gullklossa ársins beint frá Hollandi

Bpro heildverslun í Smiðsbúð 2 í Garðabæ flytur inn og selur vörur frá nokkrum af þekktustu vörumerkjum sem eru í boði hér á landi í hárgreiðslu- og snyrtivörugæiranum.

Eitt af vinsælustu merkjunum sem Bpro býður upp á er MARC INBANE sem er hágæða hollenskt snyrtivörumerki sem hefur frá árinu 2012 framleitt lúxus húðvörur en þau sérhæfa sig í sjálfrúnkuvörum og eru þau frumkvöðlar á sínu sviði. Merkið hefur unnið til margra verðlauna og vakið mikla athygli alveg frá upphafi. Bpro kynnti Íslendingum fyrst fyrir MARC INBANE 2017 og er ekki hægt að segja annað en að vörurnar hafi slegið í gegn hér á landi.

Eitt af því sem MARC INBANE sjálfrúnkuvörurnar eru hvað þekktastar fyrir er að þær eru gæddar þeirri tækni að draga fram náttúrulegan húðlit í stað þess að skilja eftir lit sem passar notandanum illa. Þessi eiginleiki gerir það að verkum að vörurnar henta öllum kynjum á öllum aldri.



Gullklossinn kominn í hús beint frá höfuðstöðvum MARC INBANE í Hollandi

Hjónin stolt af verðlaununum

Nú á dögnum fékk Bpro heildverslun afhent verðlaun frá höfuðstöðvum MARC INBANE í Hollandi en heildverslunin var valinn Distributor of the Year 2023 eða dreifingaraðili ársins 2023. Baldur Rafn Gylfason hárgreiðslumeistari rekur Bpro ásamt konu sinni Sigrúnu Bender og er ekki hægt að segja annað en að þau séu afar stolt af því að hafa hlotið verðlaun.

„Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu á því að maður sé að gera rétt og vel. MARC INBANE er jú orðið fánlegt í yfir 40 löndum um allan heim svo það að við á litla Íslandi höfum unnið í flokknum er bara virkilegur heiður. Ekki hægt að segja annað en að þetta sé gott klapp á bakið svona í lok árs og gaman að stökkva inn í nýtt ár með þessa viðurkenningu,“ segir Baldur Rafn.


Þú finnur allar upplýsingar um vörurnar frá MARC INBANE og lista yfir sölustaði á marcinbane.is

Líf og fjör í Jólalabingó FEBG

Það var líf og fjör í jólalabingó FEBG, sem haldið var í síðustu viku. Góð þátttaka var og skemmtu gestir sér vel enda fjöldi Quality Street vinninga í boði.

Þær Anna R Möller gjaldkeri, Bryndís Sveinsdóttir og Lára Kjartansdóttir allar í stjórn FEBG stýrðu bingóinu og þær útdældu jólanamminu eins og ekkert væri enda voru margir sem kölluðu, Bingó.

Bryndís, Lára og Anna stýrðu jólalabingó FEBG í Jónshúsi og dældu út Quality Street jólanammi eins og enginn væri morgundagurinn



Hvatapeningar fyrir 5-18 ára

55.000

á barn

Nánari upplýsingar á gardabaer.is

ALVÖRU UPPLIFUN Í JÓLAGJÖF



RICK ASTLEY

1. – 4. MARS
VERÐ FRÁ 189.900 kr.

8 SÆTI LAUS



ABBA Í LONDON

12. – 15. APRÍL
VERÐ FRÁ 179.900 kr.

14 SÆTI LAUS



BORGARFERÐ TIL RÓMAR

24. – 28. APRÍL
VERÐ FRÁ 199.900 kr.

LAUS SÆTI



MAN UTD vs ARSENAL

1.-4. MAÍ 2024
VERÐ FRÁ 219.900 kr.

4 SÆTI LAUS



DRAUMAFERÐ TIL ÍTALÍU

4. – 8. JÚLÍ
VERÐ FRÁ 249.900 kr.

LAUS SÆTI



MAN CITY vs MAN UTD

1. – 4. MARS
VERÐ FRÁ 199.900 kr.

6 SÆTI LAUS



LIVERPOOL vs BRIGHTON

29. MARS – 1. APRÍL
VERÐ FRÁ 189.900 kr.

16 SÆTI LAUS



LIVERPOOL vs TOTTENHAM

3. – 7. MAÍ
VERÐ FRÁ 209.900 kr.

8 SÆTI LAUS



HAMINGJA OG HEILSA

TOSSA DE MAR 20. – 27. MAÍ
VERÐ FRÁ 259.900 kr.

LAUS SÆTI



ANDRE RIEU Í MAASTRICHT

11. – 14. JÚLÍ
VERÐ FRÁ 219.900 kr.

4 SÆTI LAUS



KNATTSPYRNUSKÓLI VISITOR Í BOLTON

ÆFÐU EINS OG ATVINNUMAÐUR

279.900 KR. Á MANN (GERIÐ VERÐSAMANBURÐ!)

Visitor
FERÐASKRIFSTOFA

Hamraborg 20a Sími 578 9888 hopar@visitor.is



Sendum Garðbæingum og viðskiptavinum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári



SJÚKRAÞJÁLFUN
GARÐABÆJAR



SMURSTÖÐIN
GARÐABÆ
Littlatúni 1 Sími 565 6200

Cleó
Garðatorgi

Endurskoðun
& ráðgjöf ehf.
Garðatorgi 7 • 210 Garðabær
Sími 544 8989 • cpa@cpa.is • www.cpa.is

GO
CAMPERS

dagar



Álnabær

201 SMÁRI

BYKO
GERUM PETTA SAMAN



TÓNLISTARSKÓLI
GARÐABÆJAR

PG VERKI



ÁLFTANESSKÓLI
— allir eru einstakir

GARÐABÆR
Þjónustumiðstöð

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Vilja inngildingu kynsegin fólks við tilnefningar íþróttafólks Garðabæjar

Bæjarfulltrúar Garðabæjarlistans og Viðreisnar hafa lagt fram í tillögu í bæjararráði um inngildingu kynsegin fólks við tilnefningar íþróttafólks Garðabæjar, en á haustmánuðum lögðu Píratar í Kópavogi fram samskomar tillögu sem var samþykkt í bæjarstjórn.



Þorbjörg Þorvaldsdóttir
bæjarfulltrúi
Garðabæjarlistans



Sara Dögg Svanhildardóttir
bæjarfulltrúi
Viðreisnar

útilokun í garð hinsegin einstaklinga. Mikilvægt er að kynsegin börn og ungmennti finni að þau séu velkomin í íþróttum og að Garðabær taki þátt í að lyfta kynsegin íþróttafyrirmyndum," segir í greinargerðinni.

1 kynsegin/annað í Garðabæ Þess má geta að samkvæmt Þjóðskrá á gær eru íbúar í Garðabæ 19.516 og af þeim er 1 kynsegin/annað, 9850 konur eruð skráðar í Garðabæ og 9.665 karlar.

Í greinargerð með tillögunni segir að inngilding kynsegin fólks þarf að eiga sér stað í öllum tímum samfélagsins. Bæjarfulltrúar Viðreisnar og Garðabæjarlistans óska því eftir því að útnefning íþróttafólks Garðabæjar verði rædd og endurskoðuð með inngildingu að leiðarljósi.

„Garðabær samdi við Samtökin '78 um hinsegin fræðslu fyrir sveitarfélagið til þess m.a. að koma í veg fyrir hvers konar

Bæjarráð vísaði tillögunni til umfjöllunar og nánari útfærslu íþrótt- og tómstundarráðs.

Brennómót á aðventu

Grunnskólabörn í Urriðaholtsskóla fjölmennti í Miðgarð þriðjudaginn 12. desember sl. en þá fór árlegt Brennómót skólans fram. Nemendum er skipt í fjöl-mörg lið sem bera nöfn ýmissa þjóðlanda og í ár voru liðin fleiri en nokkru sinni eða 24 samtals. Kennarar eru liðstjórar og hefst dagurinn á þetta raðir liðsins, búa til sameiginlegt hvatningarkall, fána og skapa góða liðsheild og leikfléttu.



Þar sem fjarlægðin er nokkur frá Urriðaholti yfir í Miðgarð var liðum ekið með rútu, mikil stemmning skapaðist á mótstað og hefðina er sú að eftir riðlakeppni leikur sigurliðið við lið starfsfólks skólans. Þetta er í sjötta sinn sem mótið fer fram og í ár eins og undanfarin ár náði starfsfólk að merja fram sigur eftir æsispennandi leik.

„Við erum afar stolt af þessu móti og gleðinni sem það skapar meðal nemenda og starfsfólks. Aðstaðan í Miðgarði er algjörlega til fyrirmyndar og starfsfólkið einstakt. Það voru kátir krakkar sem snéru heim að móti loknu,” segir Þorgerður Anna Arnardóttir, skólustjóri Urriðaholtsskóla



Vill sorptunnan þín komast í öruggt skjól?

Þarft þú til dæmis að:

- Láta loka steypa sorptunnuskýlinu þínu með loki og hurð?
- Koma þriðju sorptunnunni í gott skjól?
- ...Eða eru allar tunnurnar þínar skjóllaugar fyrir veðri og vindum?

Við hjá Hefestus ehf. sérhæfum okkur í frágangi sorpskýla. Við bjóðumst til að heimsækja fólk og skoða hvort við getum hjálpað til við að koma sorptunnum heimilanna í gott skjól.

Hér eru nokkur dæmi um okkar verk...



Heimsæktu okkur inn á hefestus.is og sendu okkur fyrirspurn. Við komum, skoðum og bjóðum þér verð í góða lausn.



Sími 662-6519 / hefestus.is



SAMVERA ER BESTA JÓLAGJÖFIN



FJÖLSKYLDAN SAMAN
UM JÓLIN



SAMAN

samanhopurinn.is



GARDABÆR

STJARNAN MÍN OG STJARNAN ÞÍN



Stjarnan óskar bæjarbúum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Takk fyrir samstarf og stuðning
á árinu sem er að líða.